

Nd.

146. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Frá minni hlutanum).

Enga samleið á jeg við hina nefndarmennina í þessu máli. Ber einkum tvent til. Það hið fyrsta, að eg vil með engu móti bendla nafn landsins við slikt fjezlæframál. Hitt aunað, að jeg er þeim ósamþykkur um fyrirkomulagið á happdrættinu, ef það á að komast á fót.

Happdrætti nefni jeg slik fyrirtæki, því að jeg ljæ eigi mitt lið til þess að lögfesta orðskrípið *lotteri* í íslensku máli. Ágæti happdrættis sjest ljósast á ætt þess og uppruna. Það er runnið af veðmálum og fjárhættuspilum og hefir enn einkenni þeirra, þótt menn hafi leitast við því, að gera áhættuna skaplegri fyrir þá, sem kaupa happdrættismiðana. Hefir það verið gert með því, að takmarka miðafjöldann og fjölga happadráttum, koma föstu skipulagi á dráttinn og hafa eftirlit með því, að eigi sje svikið. En eigi að síður hefir bæði Frakkland og England lagt niður þau happdrætti, er þar höfðu verið, og allir kannast við, að peningahappdrætti sjeu fjezlæfrar. Sama má auðvitað segja um iðnaðarhappdrætti, en þó er áhættan þar langtum minni og einkum er freistingin margfalt minni fyrir almenning. Svo er og um góðgerðahappdrætti í eitt og eitt sinn og eins um vaxtahappdrætti. Hitt er alkunna, að í peningahappdrætti eru menn gintir með voninni um að geta unnið stórauð, 1000000 kr., eða þar um bil. Auk þess er hlutum skift í sundur, jafnvel í tiundir, til þess að fátæklingar ginnist til að kaupa. Eru því margir ágætir menn á þeirri skoðun, sem kemur fram í þessum orðum Dr. Max von Heckel, kennara í háskólanum í Münster í W.: »Rikið má aldrei nje á nokkurn hátt styðja happdrættisskaðræðið, því að það verður að vita siðferðisskyldu þá, sem á því hvilir, og þekkja verkefni sín í þjóðarbúskapnum og í lagasetning um alþjóðar hag«. Segir hann þetta bæði um það, er rikið

rekur sjálfst háppdrættið, og er það leigir það öðrum eða veitir öðrum leyfi til slíks fyrirtækis, eða ábyrgist eða hefir eftirlit með slíkum fyrirtækjum, og jafnvel um háppdrætti í góðgjörða skyni.

Hin ýmsu ríki líta misjafnt á þetta mál, og hafa sum þeirra peningaháppdrætti. Þó eru hin fleiri, sem hafa aldrei haft það, eða lagt það niður, þótt þau hafi haft það áður. Nú eru peningaháppdrætti í þessum ríkjum: Austurríki, Ítalíu (í þessum báðum töluveðjanar háppdrætti), Þýskalandi (Prússlandi, Saxlandi, Hámborg), Ungverjalandi, Hollandi, Spáni, Danmörku og Serbíu. Hjer af má sjá, að það eru ýkjur hjá meiri hluta nefndarinnar, að »lotteri er nálega til í landi hverju«.

En hitt er rjett, sem þar segir, að ýmist reka ríkin slík fyrirtæki sjálf, eða þau selja þau einstökum mönnum á leigu. En hvort fyrirkomulagið sem haft er, þá er hjer um ríkiseinokun að ræða, ríkiseinokun á vöru, sem ríki er ósamboðið að versla með, ríkiseinokun á tálvonasölu. Þykir mjer harla einkennilegt, er þessi nefnd gleypir við þessari ríkiseinokun, en má enga aðra heyra nefnda. Eru þó sannarlega færri blóðpeningar í þeim gróða, sem landið gæti haft af því að versla sjálfst með steinolíu, tóbak o. fl.

Uppruni háppdrættis er illur, grundvöllurinn er ginning og gróðinn illa fenginn. Og hvernig verða afleiðingarar? Árið 1873 var stofnaður fyrsti sparísjóðurinn hjer á landi. Þá áttu menn enga sparískíldinga, en nú eiga þeir hjer um bil 6 míljónir í sparíjóðum. Þar á sjest uppeldískraftur þeirrar stofnunar. Peningaháppdrætti vinnur í alveg öfuga átt, það tvístrar og kennir mönnum að láta kylfu ráða kasti og að ala blíndar vonir. Eru þær afleiðingar fátækri þjóð allháttulegar. En þó verða þær afleiðingar oss háttulegri, að vírðing landsins og lánstraust fer alveg forgörðum, er aðrar þjóðir sjá oss taka til slíkra örþrífráða. Mun slíkt vekja grun þeirra um, að hágur landsins allur sje á fallanda fæti, einkum fyrir þá sök að fylgismenn þessa frumvarps munu reyna að rjettlæta tiltektir sínar með erfíðum fjárhag. Þó er það á allra vítorði, að fjárhagur landsins er alls eigi þröngur, heldur stafa mísfellurnar af því, að of mikið hefir verið lánað úr víðlagasjóði, svo að peningafórði er eigi nægur sem stendur. En sú hin sama nefnd, sem fjallar um þetta mál, hefir með höndum gnægð af frumvörpum og tillögum, sem hvert um síg nægir til umbóta á þessu.

Af framantöldum ástæðum verður tillaga mín sú, að Ísland setji aldrei peningaháppdrætti á stofn, allra síst með þeim hátti, að það selji öðrum í hendur einokun á svo glæfralegu gróðafyrirtæki. Skora jeg því á deíldina að fella þessi lög.

En jeg þykest mega ráða það af undírtektum nefndarmanna og annara þingmanna, að meiri hluti þeirra verði svo frekur til fjárins, að þeir vílji hafa það fyrir hvern mun. Jeg geri því til vara nokkrar breytingartíllögur, sem bæta nokkuð úr, ef illa á að fara.

Það er vítaður hlutur, að þeir menn, sem nefndir eru í 1. gr., hafa eigi fjármagn til að reka slíkt fyrirtæki, og að aðrir menn standa að baki þeirra. En vel má vera, að aðrir menn geti fundið aðra bakhjarla, er byði betri kjör. Er því rjettast að binda heimíldina ekki víð neitt nafn.

Leyfísbéíðendur vílja sleppa með því, að háppadrættir nemi 70% af samantöldum íðgjöldum fyrir alla hlutina í flokknum. En í flestum flokkuðum háppdrættisfyrirtækjum mun þessi hundraðstala vera háerri, allt að 90%. Sýnist því eigi ofhátt, þótt þetta væri sett 80%. Því að naumast er ráð fyrir því gerandi,

að þingmenn vilji leigja nafn og heiður landsins, nema fyrir því verði sjeð, að áhætta hlutkaupanda verði eigi meiri en tíðkast annarstaðar. Hjer þyrfti og að bæta inn í ákvæði um það, hversu margir happdrættir skuli vera.

Alþingi hefir eigi vald til þess að setja lög um, að slíkt fyrirtæki sem þetta skuli eiga heima í Kaupmannahöfn. Því að vjer höfum engin yfirráð yfir Dönum. Gætum vjer eins vel sett í lögum að drættir skyldu framfara í Hamborg eða Paris. Væntanlegum leyfishöfum yrði slíkt lagaákvæði ónýtt, ef það fengi eigi góðfúslega leyfi hjá stjórn þess lands, eða væri það heimilt eftir þess lögum. Hins vegar getur oss enginn hagur verið í því, að binda þá við Kaupmannahöfn, fremur en einhvern annan stórbæ, einkum þar sem á öðrum stað í lögunum er bannað að selja happdrættismiða í Danmörku. Mundu og flestir hyggja, að hjer væri um nýtt nýlendu happdrætti (Koloniallotterie) að ræða, enda mundu Danir leyfa slíkt einmitt í þeirri veru (sbr. orðin utan ríkis í 4. gr.). Afleiðing þessa er sú, að fyrirtækið verður að eiga heima í Reykjavík og drættir að fara fram hjer.

Þrjátíu ár er langur tími. Í Ungverjalandi leigir stjórnin hlutafjlagi einu rúml. hálfu stærra happdrætti og lætur það gjalda 3000000 franka eftir á ári hverju, og þó ekki nema til 20 ára.

Árgjaldið til landsjóðs er altof lítið. Ungverjalands var getið hjer að ofan. Prússar borga 1630000 mörk fyrir leyfi að selja happdrættisseðla sína í Hetverja og Þýringalandi, 475000 mörk fyrir samskonar leyfi í Brúnsvík. Holland hefir peningahappdrætti, þar sem alls eru seldir 105000 seðlar á 90 kr. hver. Upp úr því hefir landið 846,000 kr. eða 8.95%. Hið flokkaða happdrætti Dana (Klasselotteriet) selur 100000 hluti á ári fyrir 50 kr. hvern og græðir á því 1550000 kr. (1909) þ. e. 31%. Spánn tekur 27% í landsjóð sinn og græðir 35250000 franka (peseta) [1909]. Serbia selur á ári 60000 hluti á 120 franka hvern og fær í hreinan ágóða 600000 franka, eða 8.33%. Hygg jeg að eigi muni vaxa lánstraust Íslands, ef það ljær nafn sitt fyrir svo lítið, sem til er skilið í frv.

Að setja þjóðbankann í Kaupmannahöfn inn í þessa lagasmíð er með öllu ástæðulaust. Tryggingin á hvergi annarstaðar að vera en í landsbankanum.

Óskiljanleg er mjer sú meinbægni við Dani og nýlendur þeirra, að banna þeim að freista hamingju sinnar í þessu happdrætti, ef þá fýsir. Eða mundi leyfið tekið aftur, ef Danir leyfðu sjálfir sölu þar í landi?

Hvað þýða orðin »utan ríkis«? Er átt við ríkið Ísland, sem er að visu fullvalda ríki að rjettum lögum, eða er átt við »hið safnaða danska ríki«, sem ásælni Dana vill hnoða oss inn í, og lítilsigldir Íslendingar vilja bræða oss saman við? Þykir mjer hætt við, að sá skilningur verði ofan á, að ríki þetta sje danskt. Niðurstaðan verður þá sú, að Danir eru varðir fyrir tálvonaerslun í Íslands nafni, en vjer erum varnarlausir fyrir einokunarverslun, leigðri og óleigðri, með danskar tálvonir um gull og gróða. Hjer er sjálfsagt að setja í lögum »utan Íslands« í stað »utan ríkis«.

Í samræmi við framanritaðar athugasemdir ber jeg fram til vara eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrirsögnin skal vera svo orðuð:

Frv. til laga um peningahappdrætti fyrir Ísland.

2. Við 1. gr.
Orðin: »fyrv. landshöfðingja — í Kaupmannahöfn« falli burt.
3. Í stað orðskrápisins »lotteri« komi alstaðar: happdrætti (í rjettum föllum, tölum og kyni).
4. Við 1. gr. b.:
Eftir: »sundurskifta« komi: þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.
5. Við 1. gr. c., 1. málgr.:
Í stað: »70%« komi: 80%. Aftan við málsgreinina bætist: Skulu happdrættir eigi færri en 30000 af 50000 hlutum.
6. Við 1. gr. c, þriðju málsgrein:
Aftan við málsgreinina bætist: að frádregnum 10%, sem renna í lands-sjóð Íslands.
7. Við 1. gr. d.:
Fyrir orðin: »Drættirnir — dómstóli« komi: Dregið skal í Reykjavík, þar sem happdrættið á lögheimili. Þar skal og stjórn þess vera, og skipar konungur þriggja manna nefnd til eftirlits, og skal að minsta kosti einn nefndarmanna vera lögfræðingur, er gengur sje í yfirdóminn.
8. Við brtill. meiri hlutans við 1. gr. e: Í stað: »30« komi: 25.
9. Við 1. gr. f.:
Fyrir: »2%« komi: 5%. Aftan við liðinn bætist: Hundraðsgjald þetta hækkar um 1/2% á ári, þar til er það er orðið 10%.
10. Við 1. gr.:
Orðin: »í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða« falli burt.
11. Við 3. gr. g.:
Orðin: »Hluti — Danmerkur« falli niður.
12. Við 4. gr.:
Fyrir orðin: »utan rikis« komi: utan Íslands.

Alþingi, 4. ágúst 1912.

Bjarni Jónsson,
frá Vogli.